

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, er gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu hér með ákveðið þannig:

	kr.
1. Fyrir tilkynningu um skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga	2 700
2. Fyrir tilkynningu um skráningu firma	1 000
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	1 000
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélagi, samvinnufélagi eða firma (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	1 000
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	250
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	1 300
7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið)	250
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	150
9. Fyrir innköllun	1 300
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	600
11. Fyrir ógildingarstefnu	2 400
12. Fyrir dómsbirtingu	2 400
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	800

Annað efni sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 120 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsingar, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. júlí 1987. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu, nr. 120 26. febrúar 1985.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. maí 1987.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið sem hér segir:

- Á 3. ársfjórðungi 1987:

Fyrir full afnot	kr. 2 352
Fyrir hljóðvarpsafnot eingöngu	kr. 780
- Á 4. ársfjórðungi 1987:

Fyrir full afnot	kr. 2 822
Fyrir hljóðvarpsafnot eingöngu	kr. 940

Menntamálaráðuneytið, 6. maí 1987.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.